

45**3. gr.**

30. apríl

Merkja skal hvern ullarsekk þannig: Efst á hliðinni sje stimplað orðið ICELAND. Í línu neðar sje rómversk tala, er sýni, hverjum flokk ullin tilheyri. Í línu þar fyrir neðan sje skammstafað, þó ekki með færri en tveim bókstöfum, nafn ullarseljanda. Í neðstu línu skal vera áframhaldandi töluröð, svo að sjáist sekkjatala sú, sem hver einstök verslun eða kaupfjelag sendir eða selur til útflutnings.

Reglur þessar koma í staðinn fyrir reglur 26. maí 1920.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

46

5. maí

S A M Þ Y K T**um****samgirðing í Vallahreppi vestan Grímsár.**

Hreppsnefndin í Vallahreppi hefir samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóvember 1913 gjört eftirfarandi samþykkt um samgirðingu í Vallahreppi vestan Grímsár:

1. gr.

Í Vallahreppi vestan Grímsár skal vera fjórþætt gaddavírsgirðing, með 30 sentímetra undirhleðslu, frá Hallormsstaðargirðingu, þar sem hún gengur lengst út og upp til Hallormsstaðarháls við Hafursá, austur Grindamúla, framman við Víðirdal, þaðan út og austur í Skarhryggshnaus ysta, þaðan að Kappladalslæk á landamerkjum Vaðs og Sauðhaga og þá eftir á landamerkjalinu þeirra jarða austur í Grímsá.

2. gr.

Girðing þessi er gjörð fyrir ábúendur á jörðunum Hafursá, Freyshólum, Mjóanesi, Strönd, Gunnlaugsstöðum, Sauðhaga, Hvammi og Víkingsstöðum. Ennfremur fyrir ábúendur Vallaness og Jaðars, þó þannig, að ábúendur þessara síðasitöldu jarða greiða aðeins hálf gjald í girðingarkostnað við hinar fyrtöldu jarðir, og að gjaldskylda þeirra hættir, þegar jarðir þessar girða sig af, önnur eða báðar.

3. gr.46
5. maí

Til þess að koma girðingunni upp, skal taka lán með svo hagfeldum kjörum, sem fást. Vextir og afborgun lánsins, svo og árlegur viðhalds- og fyrningarkostnaður skiftist niður á tölu sauðfjár, sem fóðrað er á girðingarsvæðinu, eftir fjártölu forðagæslumanna við fjárskoðanir, og jafnt á hverja kind, þó með þeirri frábreytni, sem nefnd er í 2. gr., að því er Vallanes og Jaðar snertir, þar sem gjald á kind skal vera hálfu lægra. Bændur inna gjaldið af hendi fyrir sig og heimamenn sína, en eiga heimting á endurgjaldi frá þeim, sem fje eiga á fóðri hjá þeim, eða sem fóðra fje sitt sjálfir á heimilum þeirra. Eindagi gjaldsins er 30. apríl.

4. gr.

Til þess að koma girðingunni upp — útvega lán til hennar, kaupa efni, vinnu o. s. frv. — sjá um árlegt viðhald hennar, eftir að hún er komin upp, innheimta girðingargjöld, annast um greiðslu vaxta og afborgana af lánnum og annað, sem hjer að lýtur, skal girðingarfelagið — ábúendur frammannefndra jarða — kjósa þriggja manna nefnd til 6 ára, er nefnist girðingarstjórn. Hefir hún á hendi framkvæmd og umsjón á öllu því, er girðinguna varðar, gegn hæfilegri þóknun fyrir fyrirhöfn, reikningsfærslu o. s. frv. Hún ákveður árgjald á kind, sem nægi til greiðslu vaxta og afborgana lána svo og viðhalds og fyrningar, sem svari til afborgunartíma láns og áætlaðrar endingar girðingarinnar.

5. gr.

Ekkert fje má taka inn á girðingarsvæðið af utanfjelagsmönnum, án samþykkis girðingarstjórnar, og samþykki hún, ákveður hún jafnframt girðingargjald þess fjár, sem þó má aldrei minna vera en hálf gjald.

6. gr.

Girðingarstjórnin ákveður samsölun innan girðingarinnar haust og vor, svo oft, sem henni þykir þörf, enda eru allir skyldir að leggja svo til menn í því skyni, sem hún ákveður og haga fjárdrætti og fjárskilum eftir þeim reglum, er hún setur. Hún skal og ákveða það, hvenær fje skuli rekið á afrjett á vorum og hvenær girðing skuli opnuð fyrir því á haustum. Ekkert fje má vera innan girðingar á sumrum, annað en kvíaær.

7. gr.

Enginn má skilja við hlið girðingarinnar opin, nje láta fje fara um þau meðan hann opnar þau til eigin umferðar. Varðar brot gegn þessu skaðabótum, ef upp kemst, auk sekta.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, frá 2—20 kr., sem renna í sveitarsjóð.

46
5. maí

9. gr.

Áð öðru en því, sem hjer er fyrir mælt, fer eftir girðingalögum nr. 66, frá 22. nóv. 1913.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. maí 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

47
7. maí

HAFNARREGLUGJÖRD

fyrir

Húsavíkurkaupún.

I. Hafnargjöld.

1. Öll skip, sem mæld eru til lestatala 5 smálestir eða þar yfir, (að undanteknum þeim, er síðar getur um), skulu greiða í hafnargjald 10 aura af hverri smálest alls farrarúmsins í hvert skifti, er þau leggjast við akkeri eða aðrar festar á Húsavíkurhöfn, eftir að þau koma frá útlöndum, eða ef um skip ræðir, sem aðeins ganga hafna á milli á Íslandi, þá er þau í fyrsta sinn á árinu leita hafnar á Húsavíkurhöfn. Nú flytur skipið farm eða farþega af landi eða á og skal þá ennfremur gjalda 5 aura af hverri smálest. Sama gjald skulu og greiða þau skip, sem afhenda farm sinn í eða taka farm sinn úr öðrum skipum á höfninni. Liggi slík skip á höfninni lengur en 14 daga tvöfaldast gjaldið.

2. Hafni skipið sig oftur en einu sinni á árinu á Húsavíkurhöfn og hafi ekki á þeim tíma komið til annara landa, greiðist hafnargjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skifti, en síðan að helmingi.

3. Skip, er ganga milli hafna á Íslandi svo og milli Íslands og útlanda eftir ákveðnum ferðaáætlunum, skulu, þá er þau í fyrsta skifti á árinu koma á Húsavíkurhöfn, greiða hafnargjald, en síðan ekki, þótt þau hafni sig oftur á því sama ári. Íslensk fiskiskip greiða ekki hafnargjald nema einu sinni á ári.